

Fundargerð

103. stjórnarfundur FHA haldinn 22. mars 2018 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson ritari, Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri, Auðbjörg Björnsdóttir og Helgi Freyr Hafþórsson. Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerðir
Lagðar voru fram gerðir stjórnarfunda nr. 98, 99, 100, 101 og 102. Þær voru samþykktar athugasemdalaust.
2. Styrkumsókn frá verkefnisstjóra fasteigna
Lögð fram umsókn um styrk til kaupa á búnaði í íþróttasal. Stjórnin fellst ekki á erindið.
3. Launakönnun BHM
Gerð verður launakönnun á vegum BHM á næstu vikum þar sem samsetning launa verður áhersluatriði.
4. Kjara- og réttindanefnd
Áformað er að gera könnun á kulnun í starfi og svefnvenjum og óskað eftir netfangalista félagsmanna FHA vegna þess. Stjórnin tekur það ekki henta að gera þá könnun nú vegna fyrirhugaðrar launakönnunar.
5. Heimasíða FHA
Endurnýjun stendur yfir.
6. Frysting námskeiða
Lagt fram yfirlit um frystingu fámennra námskeiða frá haustmisseri 2015 fram á vormisseri 2017. Samkvæmt því er farið að reglum um útreikning kennslueininga fyrir þessi námskeið. Þörf er á frekari umræðu í deildum skólans sem ætti að fara fram að frumkvæði deildarstjóra.
7. Aðalfundur
Stefnt er að því að halda aðalfund þri. 15. maí kl. 16:00. Að fundi loknum mun stjórnin bjóða í grill og veitingar kl. 17:30

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:07

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari